

Fundur stjórnar Foreldrafélags Hrafnagilsskóla (FFH)

haldinn á kennarastofu Hrafnagilsskóla laugardaginn 23. Janúar 2016 kl. 11:00

Fundinn sátu Sigríður Hrefna formaður, Auður Thorberg ritari, Guðrún gjaldkeri, Benjamín Örn og Valur.

Fundargerð ritar Auður

1. Umræður um félagsmiðstöðina Hyldýpið. Ekki hefur verið send út dagskrá vorannar til foreldra, það er erfitt fyrir foreldra að fylgjast með hvort viðburðir falli niður og eins hvort það séu rútur á eftir eða ekki. Lítið af upplýsingum um viðburði. Hugmyndir um að hitta nemendaráð eða umsjónarmann, er hægt að hafa viðburðina á forsíðunni eins og aðra á vegum skólans? Guðrún ætlaði að kynna sér stöðu mála í vetur og Sigríður að ræða við Hrund skólastjóra um fyrirkomulag og úrlausnarmöguleika.
2. Umræður um heimanám, kosti þess og galla, er ástæða til að hafa heimanámsstefnu fyrir skólann í heild eða er þetta undir hverjum kennara komið? Valur sendir fyrirspurn um málið til skólastjórnenda.
3. Fundur kominn á dagskrá vegna vinnu við Aldísarlund, 1. febrúar búið að boða Benjamín og Sigríði.

Fundi slitið 12:30